

**S A M P Y K K T I R**  
**F Y R I R**  
**E I M S K I P A F É L A G Í S L A N D S H F.**

1	HEITI FÉLAGSINS, HEIMILI OG TILGANGUR	2
2	HLUTAFÉ FÉLAGSINS	2
3	STJÓRNSKIPULAG	3
4	HLUTHAFAFUNDIR	3
5	STJÓRN FÉLAGSINS	7
6	STJÓRNARKJÖR	7
7	VERKASKIPTING STJÓRNAR – ÞÁTTTAKA Í STJÓRNARFUNDUM	7
8	STJÓRNARFUNDIR	7
9	FORSTJÓRI	8
10	REIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN	8
11	EIGIÐ HLUTAFÉ FÉLAGSINS	8
12	BREYTINGAR Á SAMPYKKTUM FÉLAGSINS	9
13	SLIT Á FÉLAGINU	9
14	SAMRUNI OG SKIPTING	9
15	SÉRÁKVÆÐI UM HLUTAFJÁRHÆKKANIR OG FLEIRA	9
16	ÖNNUR ÁKVÆÐI	9

Útgefnar 17. mars 2022



**S A M Þ Y K K T I R**  
**F Y R I R**  
**E I M S K I P A F É L A G Í S L A N D S H F.**

## **1 HEITI FÉLAGSINS, HEIMILI OG TILGANGUR**

- 1.1 Heiti félagsins er Eimskipafélag Íslands hf.
- 1.2 Félagið er hlutafélag.
- 1.3 Heimilisfang félagsins er í Reykjavík.
- 1.4 Tilgangur félagsins er rekstur, eignarhald og fjárfestingar í félögum í flutningastarfsemi og annar skyldur rekstur.

## **2 HLUTAFÉ FÉLAGSINS**

### **Hlutafé – hlutir - atkvæði**

- 2.1 Hlutafé félagsins er kr. 173.050.000.
- 2.2 Hver hlutur er ein króna.
- 2.3 Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í féluginu.

(Sérákvæði um hlutafjárhækkanir og önnur sérákvæði er að finna í grein 15, ef við á).

### **Aukning hlutafjár**

- 2.4 Hluthafafundur einn getur samþykkt aukningu hlutafjár í féluginu hvort heldur með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta.

### **Forgangsréttur**

- 2.5 Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við skráða hlutaeign sína. Heimilt er að víkja frá ákvæði þessu sbr. 3. mgr. 34 gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

### **Hlutabréf - hlutaskrá**

- 2.6 Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa.
- 2.7 Hlutaskrá samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarétti að hlutum í féluginu, og skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.

## Sala hluta og eigendaskipti

- 2.8 Engar hömlur eru lagðar á rétt hluthafa til sölu á hlutum sínum. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.

## Réttindi og skyldur hluthafa

- 2.9 Hluthafar eru skyldir, án nokkurrar sérstakrar skuldbindingar af þeirra hálfu, að lúta samþykktum félagsins eins og þær eru nú eða síðar kann að verða breytt á lögmaðan hátt. Hluthafar verða ekki, hvorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim, skyldaðir til að auka hlutafjáreign sína í féluginu og eigi heldur að sæta innlausn á hlutum sínum. Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í féluginu, nema þeir taki á sig slíka ábyrgð með sérstökum löggerningi. Þessu ákvæði verður hvorki breytt né heldur fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.

- 2.10 Engin sérréttindi fylgja neinum hlut í féluginu.

## Samskipti við hluthafa

- 2.11 Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa svo sem um boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að send skuli hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír. Skal félagsstjórn setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gerðar eru til hugbúnaðar sem skal vera hluthöfum aðgengilegur. Þeir hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræn samskipti við félagið með þessum hætti skulu staðfesta það í samræmi við þær reglur sem félagsstjórn setur.

## 3 STJÓRNSKIPULAG

- 3.1 Með stjórnun félagsins fara:
1. Hluthafafundir.
  2. Stjórn félagsins.
  3. Forstjóri.

## 4 HLUTHAFAFUNDIR

- 4.1 Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka sem samþykktir þess og landslög setja, er í höndum lögmaðra hluthafafunda.

## Réttur til þátttöku

- 4.2 Rétt til setu á hluthafafundum hafa hluthafar, umboðsmenn hluthafa, endurskoðendur félagsins og forstjóri, þótt ekki sé hluthafi. Þá getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.
- 4.3 Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafar geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað. Telji stjórn að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að gefa hluthöfum kost á að taka þátt í

fundarstörfum með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað og ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal þess sérstaklega getið í fundarboði.

### Rafrænir hluthafafundir

- 4.4 Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt.
- 4.5 Telji stjórnin gerlegt að halda fundinn algjörlega rafrænt með viðeigandi búnaði og gefa hluthöfum þannig kost á þáttöku í fundarstörfum og atkvæðagreiðslu skal í fundarboði koma fram upplýsingar um tæknibúnað auk upplýsinga um það hvernig hluthafar tilkynni um rafræna þáttöku sína og hvar þeir nálgist upplýsingar, leiðbeiningar og aðgangsorð til þáttöku í fundinum. Jafngildir innslegið aðgangsorð í tölvuforrit undirskrift viðkomandi hluthafa og telst viðurkenning á þáttöku hans í hluthafafundinum.
- 4.6 Hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræna þáttöku skulu tilkynna skrifstofu félagsins þar um með 5 daga fyrirvara og leggja þar fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum.
- 4.7 Hluthafar skulu hafa aðgengi að leiðbeiningum um þáttöku í hluthafafundi með rafrænum hætti ásamt aðgangsorði og nauðsynlegum hugbúnaði til slíkrar þáttöku. Jafngildir innslegið aðgangsorð í tölvuforrit undirskrift viðkomandi hluthafa og telst viðurkenning á þáttöku hans í hluthafafundinum.

### Atkvæðagreiðsla utan fundar

- 4.8 Ef stjórn telur ekki framkvæmanlegt að gefa hluthöfum kost á þáttöku í hluthafafundi rafrænt skal hluthöfum gefinn kostur á að greiða atkvæði um tillögur eða taka þátt í kosningum bréflega. Setur stjórn reglur um framkvæmd slíkrar kosningar.

### Umboð

- 4.9 Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett umboð. Umboð gildir aldrei lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.
- 4.10 Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar, hvort heldur sem fyrr er.

### Lögmæti hluthafafunda

- 4.11 Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar, ef löglega er til hans boðað.

### Aðalfundur

- 4.12 Aðalfund skal halda innan fimm mánaða frá lokum reikningsárs ár hvert. Aðalfundir skulu boðaðir með sama hætti og aðrir hluthafafundir skv. ákvæðum í greinum 4.16 til 4.21.

### Dagskrá aðalfundar

- 4.13 Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár. Jafnframt skal stjórnin leggja fyrir stutta samantekt um hlutafjáreign einstakra hluthafa, rétt þeirra til að greiða atkvæði og um helstu breytingar sem orðið hafa á árinu.
  2. Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
  3. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
  4. Tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu.
  5. Kosning stjórnar félagsins sbr. grein 5.1.
  6. Kosning endurskoðanda sbr. grein 10.1.
  7. Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá samkvæmt grein 4.22 sbr. 4. mgr. 88. gr. hlutafélagalaga.
  8. Önnur mál.
- 4.14 Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/3 hlutafjárlins, krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um lið 2 til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.
- 4.15 Ársreikningur félagsins, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðanda skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis 7 dögum fyrir aðalfund.

### **Boðun hluthafafunda**

- 4.16 Stjórn félagsins skal boða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, svo og samkvæmt fundarályktun eða þegar kjörinn endurskoðandi eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 5% hlutafjárlins, krefjast þess skriflega og greina fundarefni.
- 4.17 Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin skal stjórninni skylt að boða til fundar innan 14 daga frá því er henni barst krafan. Hafi félagsstjórn eigi boðað til fundar innan þess tíma er heimilt að krefjast þess að til fundarins verði boðað skv. ákvæðum 2. mgr. 87. gr. hlutafélagalaga.
- 4.18 Hluthafafundir skulu boðaðir með rafrænum hætti og/eða auglýsingu í fjölmiðlum.

### **Boðunarrestur**

- 4.19 Hluthafafundir skulu boðaðir með skemmti þriggja vikna fyrirvara en lengst fjögurra vikna fyrirvara.
- 4.20 Til hluthafafunda skal boðað með rafrænum hætti þannig að tryggður sé skjótur aðgangur að fundarboðinu á jafnréttisgrundvelli. Skulu notaðir traustir miðlar sem tryggja trausta útbreiðslu upplýsinga til almennings á Evrópska efnahagssvæðinu. Jafnframt skal boðað til hluthafafunda með auglýsingu í innlendum fjölmiðli.

- 4.21 Í fundarboði skal að minnsta kosti greina:
- 1) Fundarstað, fundartíma og drög að dagskrá. Ef taka á til meðferðar á fundi tillögu til breytinga á sampykktum félagsins skal greina meginnefni tillögunnar í fundarboði.
  - 2) Skýrar og nákvæmar reglur um þátttöku og atkvæðagreiðslu á hluthafafundi.
  - 3) Hvar og hvernig nálgast megi:
    - a) Skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund.

- b) Ályktunartillögur og/eða athugasemdir félagsstjórnar eða undirnefnda hennar varðandi hvert atriði að drögum að dagskrá hluthafafundar.
  - c) Ályktunartillögur hluthafa sem félagið hefur mótttekið.
- 4) Vefsíðu þar sem finna má upplýsingar sem hluthafar skulu hafa aðgang að í tengslum við hluthafafund samkvæmt lögum.

### Tillögur frá hluthöfum

4.22 Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega kröfu til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

### Dagskrá

4.23 Dagskrá skal lögð fram á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis, ásamt endanlegum tillögum sem koma eiga til afgreiðslu, eigi skemur en 7 sólarhringum fyrir fund.

### Breytingartillögur

4.24 Löglega frambornar viðauka- og breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki áður legið frammi hluthöfum til sýnis.

### Mál sem ekki eru á dagskrá

4.25 Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa í féluginu, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.

4.26 Komi fram tillögur undir dagskráriðnum "Önnur mál" verða þau ekki tekin til endanlegrar úrlausnar sbr. gr. 4.23.

### Fundarstjóri

4.27 Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs, og tilnefnir hann fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmaeti fundarins og framkvæmd hans samkvæmt samþykktum þessum og lögum. Jafnframt ákveður hann form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.

### Fundargerðabók

4.28 Halda skal sérstaka fundargerðabók og skrá þar allar fundarsamþykktir og úrslit atkvæðagreiðslna, svo og gagnorðar fundargerðir. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá athugasemdir sem fram koma. Fundargerð skal undirrituð af fundarstjóra og fundarritara. Skulu fundargerðirnar síðan vera full sönnun þess sem fram hefur farið á hverjum hluthafafundi.

### Atkvæðavægi

4.29 Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði í kosningu skal hlutkesti ráða.

## **5 STJÓRN FÉLAGSINS**

- 5.1 Aðalfundur félagsins kýs árlega 5 menn í stjórn félagsins og 2 til vara. Um hæfi þeirra fer að lögum. Varamenn taka sæti í stjórn félagsins í forföllum aðalmannna samkvæmt ákvæðum í starfsreglum stjórnar.
- 5.2 Gæta skal þess að kynjahlutfall í stjórn og varastjórn sé sem jafnast og hlutfall hvors kyns aldrei lægra en 40%.

### **Framboð**

- 5.3 Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarkjörs skulu tilkynna félagsstjórn um framboð sitt skemmt 10 dögum fyrir hluthafafund. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í féluginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í féluginu.
- 5.4 Félagsstjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi, með sannanlegum hætti, kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Ef ekki er bætt úr göllum á framboðstilkynningunni innan frestsins, úrskurðar félagsstjórn um gildi framboðs. Unnt er að skjóta niðurstöðu félagsstjórnar til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs.
- 5.5 Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en 2 dögum fyrir hluthafafund.

## **6 STJÓRNARKJÖR**

- 6.1 Stjórnarkjör fer fram sem hlutfallskosning, sbr. 6. mgr., b. liður, 63. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995.
- 6.2 Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.

## **7 VERKASKIPTING STJÓRNAR – PÁTTTAKA Í STJÓRNARFUNDUM**

- 7.1 Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum eins og þurfa þykir.
- 7.2 Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Stjórnarfundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Fund skal og jafnan halda ef einhver stjórnarmanna eða forstjóri krefjast þess.
- 7.3 Stjórnarmönnum er heimil þátttaka í stjórnarfundum með fjarskiptabúnaði.

## **8 STJÓRNARFUNDIR**

### **Lögmæti stjórnarfunda**

- 8.1 Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar fjórir stjórnarmenn af fimm taka þátt í fundarstörfum. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur.

## **Atkvæðagreiðslur**

- 8.2 Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Í meiriháttar ákvörðunum þarf þó sampykki fjögurra af fimm stjórnarmönnum, svo sem kveðið er á um í starfsreglum stjórnar. Tillögur falla á jöfnum atkvæðum.

## **Fundargerðabók**

- 8.3 Stjórnendur skulu halda fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

## **Markmið og skyldur**

- 8.4 Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og setur féluginu markmið í rekstri með hagsmuni þess og hluthafa að leiðarljósi í samræmi við tilgang félagsins. Stjórnin ræður félagsmálum milli hluthafafunda og skuldbindur félagið með ályktunum sínum og samningum. Stjórnin ræður forstjóra, einn eða fleiri, ákveður ráðningarkjör og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning.
- 8.5 Stjórnin veitir prókúruumboð. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið, en í meiriháttar ákvörðunum þarf undirskrift fjögurra af fimm stjórnarmönnum, eins og kveðið er á um í starfsreglum stjórnar.
- 8.6 Félagsstjórn starfar skv. starfsreglum sem stjórnin setur á grundvelli laga um hlutafélög.

## **Stjórnarnefndir**

- 8.7 Ef kjörnar eru nefndir á vegum stjórnarinnar skv. ákvæðum í starfsreglum skulu niðurstöður þeirra einungis vera leiðbeinandi fyrir stjórnina en hún ekki bundin af þeim við afgreiðslu einstakra mála nema mælt sé fyrir um á annan veg í lögum.

## **9 FORSTJÓRI**

- 9.1 Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við þær reglur sem honum eru eða verða settar af stjórn félagsins. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikils háttar.
- 9.2 Forstjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.
- 9.3 Forstjóri er skyldur til að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Honum ber að veita endurskoðanda allar þær upplýsingar sem hann óskar.

## **10 REIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN**

- 10.1 Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikningurinn skal endurskoðaður af endurskoðunarfélagi. Á aðalfundi skal kjósa endurskoðunarfélag til eins árs í senn.

## **11 EIGIÐ HLUTAFÉ FÉLAGSINS**

- 11.1 Féluginu er heimilt að eiga eigið hlutafé allt að 10%. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutum sem félagið á sjálft. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hlutahafafundar til handa félagsstjórn. Heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutafé má ekki vera til lengri tíma en 5 ára hverju sinni. Í starfsreglum stjórnar skal setja reglur um kaup og sölu á eigin hlutum.
- 11.2 Aðalfundur Eimskipafélags Íslands hf. haldinn 17. mars 2022 veitir stjórn félagsins heimild til að eignast, í einum eða fleiri viðskiptum, allt að 10% af hlutafé félagsins. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þáttöku í slíkum viðskiptum. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að eignarhald félagsins, og dótturfélaga þess, fari ekki umfram 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Endurgjald fyrir keypta hluti skal vera í samræmi við 3. mgr. 55. gr. laga nr. 2/1995. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.

## 12 BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM FÉLAGSINS

- 12.1 Samþykktum félagsins má einungis breyta á löglegum hluthafafundi félagsins, enda sé þess rækilega getið í fundarboði, að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst í meginatriðum. Ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

## 13 SLIT Á FÉLAGINU

- 13.1 Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta féluginu, og fer þá um tillögur þar að lútandi skv. XIII. kafla hlutafélagalaga.

## 14 SAMRUNI OG SKIPTING

- 14.1 Um samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög eða skiptingu fer eftir ákvæðum XIV. kafla hlutafélagalaga.

## 15 SÉRÁKVÆÐI UM HLUTAFJÁRHÆKKANIR OG FLEIRA

- 15.1 Stjórn félagsins er heimilt að ákveða hækkan hlutafjár um allt að 110.000.000 hluti að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta, í einu lagi eða í áföngum. Heimildin gildir til 27. mars 2019 og fellur niður þann dag að því leyti sem hún hefur ekki þegar verið nýtt. Heimildin skal aðeins nýtt til frekari vaxtar félagsins og fjárfestinga. Hluthafar hafa ekki forgangsrétt til áskriftar að hlutum sem gefnir eru út samkvæmt þessari heimild. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í féluginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunar.

## 16 ÖNNUR ÁKVÆÐI

- 16.1 Þar sem ákvæði samþykktta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Fyrirsagnir í samþykktum þessum eru ekki hluti þeirra, heldur einungis til hægðarauka við lestar þeirra.

Samþykktir þessar voru samþykktar á hluthafafundi í dag og eru núgildandi samþykktir félagsins.

Reykjavík, 17. mars 2022

Fyrir hönd Eimskipafélags Íslands hf.

Pr. Pr.  
Vilhelm Pontium